



Sjöunda smáforritið í jólaþema 2017 er Bookcreator

<https://bookcreator.com/>. Ég valdi það af því það hefur verið eitt af mínum uppáaldssmáforritum í nokkur ár. Ég hef nýtt það á skemmtilegan hátt í kennslu á öllum skólastigum. Forritið er aðgengilegt í Google Chrome

vefvafranum á slóðinni: <https://app.bookcreator.com/> og í [Appstore fyrir iOS](#) tæki.

Upphaflega var aðeins til útgáfa af forritinu fyrir iOS (iPad), síðar kom einnig útgáfa fyrir Android og Windows 10. En í september 2017 tilkynnti fyrirtækið að þeir myndu fjarlægja forritið úr Playstore og Windows store en einbeita sér að veflægu útgáfunni fyrir Google Chrome.

Það sem mér finnst best við forritið er hversu einfalt það er í notkun og það eru stöðugt að bætast við nýir möguleikar. Book Creator hentar einstaklega vel til þess að gera hverskyns rafrænar bækur, bæði hefðbundnar sem og í teiknimyndastíl. Hægt er að nota myndir, myndskreið, hljóð og texta.

Nemendur geta t.d. unnið að sameiginlegri bók, þá vinnur hver með sína blaðsíðu og svo eru þær allar sameinaðar í eina bók í lokin. Auðvelt er að deila bókum á vefnum sem og flytja þær út sem PDF-skjal, myndskreið eða ePub.

#### Dæmi um notkun:

- Námsferðir, söfn, aðrir skólar, skólaferðalög....
- Matreiðslubækur
- Þemaverkefni, t.d. Örkin hans Nóa, Goðafræði, Kjalnesingarsaga
- Stærðfræðireglur
- Rafrænar vinnubækur
- Ferilskrá
- Orðabók
- Glósubók
- Stafrófskver
- O.fl.